

Kæru foreldrar,

með vetrarkuldanum og síbreytilegu veðri viljum við vinsamlegast benda á mikilvægi þess að börn komi **vel klædd** fyrir útiveru í leikskólanum. Réttur klæðnaður stuðlar að vellíðan, þægindum og betri leikupplifun utandyra.

Við mælum með **ullarfötum** eða **bómullarfötum næst húð**, fremur en fatnaði úr gerfiefnum, þar sem þau anda verr og halda ekki líkamshita með sama hætti.

Viðeigandi útifatnaður að okkar mati er:

- Góð ullarpeysa og hlýjar buxur úr ull eða flís
- Kuldagalli sem passar vel – hann þarf að vera nægilega rúmur til að rúma fatnað undir, þó ekki svo stór að hann hamli hreyfingu
- Ullarsokkar og góðir ullarvettlingar (lúffur eru oft óhentugar til leiks)
- Fóðruð stígvél (eins og t.d. Frost Fighter frá Viking) eða aðrir vandaðir kuldaskór sem passa vel. Gott er að þeir séu aðeins rúmir svo hægt sé að klæðast ullarsokkum á köldustu dögnum.
- Góð húfa eða lambúshetta
- Kragi eða buff fyrir hálsinn



Á blautum dögum er mikilvægt að börn séu með góðan pollagalla með teygjum sem passar vel og lekur ekki. **Athugið** að pollagallar missa oft vatnsheldni eftir mikla notkun hjá einu barni. Vönduð skelföt hafa einnig reynst vel. Best er að vera með frekar há stígvél heldur en lág þar sem börnin elska að hoppa í pollum.

Við mælum fremur með ófóðruðum pollagalla og því að börn séu klædd í hlýjan innanundirfatnað, fremur en fóðraðan galla.



Að lokum minnum við á að mikilvægt er að merkja öll föt vel svo þau rati alltaf í rétt hólf.